

## Dómsorð:

Ákærði, Heimir Brynjólfur Jóhannsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 113/1965. **Guðmundur Rósmundsson**

(Lúðvík Gizurarson hrl.)

gegn

**Marís Haraldssyni**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

## Dómenndur:

hæstaréttardómurarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Félagsútgerð. Skuldamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1965. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að vextir af vixilkostnaði reiknist sem hér segir:

„Af kr. 253.33 frá 3. apríl 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 446.48 frá 9. maí 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 254.50 frá 2. júlí 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 650.33 frá 1. september 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 1.230.00 frá 5. nóvember 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 1.221.33 frá 17. maí 1963 til 30. október 1964.

Af kr. 1.221.34 frá 1. nóvember 1963 til 30. október 1964.

Af kr. 1.217.67 frá 8. maí 1964 til 30. október 1964“.

Dá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í maímánuði 1956 eignuðust aðiljar máls þessa og sonur stefnda vélbátinn Jódísi, ÍS 73. Áttu þeir þriðjung bátsins hver. Gerðu þeir félagar bátinn út til þorskveiða um skeið. Var félagsútgerð á bátnum í hlutfalli við eign hvers þeirra. Félagsútgerðinni var síðar slitið, báturinn seldur á opinberu uppboði 29. nóvember 1957 og uppboðsafsal gefið út 31. marz 1958 til Útvegsbankans á Ísafirði. Áfrýjandi hafði gefið út tvo víxla, sem voru samþykktir af stefnda. Annar var að fjárhæð kr. 89.000.00 og gjalddagi 23. október 1957, en hinn að fjárhæð kr. 2.250.00 og gjalddagi 15. febrúar 1958. Þessar víxilskuldir voru í vanskilum við bankann, þegar reikningsskil uppboðsins fóru fram 25. marz 1958. Af uppboðsandvirði bátsins gengu síðar kr. 39.812.00 upp í þessar víxilskuldir, en stefndi greiddi eftirstöðvarnar hinn 30. desember 1961. Krefst hann í máli þessu endurgjalds úr hendi áfrýjanda á þriðjungi eftirstöðvanna ásamt vöxtum og kostnaði. Áfrýjandi reisir hins vegar sýknukröfu sína á yfirlýsingu aðilja, dags. 17. október 1957, en þar segir svo:

„Við undirritaðir eigendur m/b „Jódísi“, Í.S. 73, höfum í dag gert upp til fulls út af fjármálum okkar vegna tekna og útgjalda vegna nefnds báts með þeirri niðurstöðu, að undirritaður Maris Haraldsson, fyrir mína hönd og Marísar Gilsfjörðs, sonar míns, ber að greiða Guðmundi Rósmundssyni kr. 491.75 — fjögur hundruð níutíu og eina — kr. 75 aura. Og skal fram tekið, að Guðmundur Rósmundsson á að öllu leyti inneign bátsins hjá Einari Guðfinnssyni í Bolungarvík, kr. 627.61 — sex hundruð tuttugu og sjö — kr. 61 eyrir og allan afrakstur af síðustu ferð skipsins til Grunnavíkur.

Erum við þannig kvittir í dag og höfum engar kröfur hvor á annan út af sameign okkar á greindu skipi“.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að andvirði víxlanna tveggja hafi runnið til kaupa á veiðarfærum til notkunar í þágu félagsútgerðarinnar. Bar hann því ábyrgð á greiðslu víxilskuldanna að tiltölu við eign sína í bátnum. Ekki verður talið, að stefndi hafi tekið að sér greiðslu þessarar skuld-

bindingar áfrýjanda með yfirlýsingu aðiljanna, sem rakin var. Endurgjaldskrafa stefnda er eigi fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, en stefna var birt 20. október 1964.

Vixilskuldirnar námu ásamt vöxtum og kostnaði samtals kr. 71.281.00, þegar stefndi innti greiðslu þeirra af hendi 30. desember 1961. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þriðjung þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 23.760.33. Vextir ákveðast 8%, sbr. 22. gr. laga nr. 56/1914, sbr. nú 17. gr. laga nr. 66/1963, og reiknast frá 30. desember 1961. Er það tímamark innan kröfugerðar stefnda og niðurstöðu héraðsdóms. Þá ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 10.000.00.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur Rósmundsson, greiði stefnda, Maris Haraldssyni, kr. 23.760.33 með 8% ársvöxtum frá 30. desember 1961 til greiðsludags og samtals kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 24. marz 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 24. marz, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómendunum Guðmundi Guðmundssyni og Símoni Helgasyni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 15. marz s.l. Mál þetta, sem var þingfest 3. nóvember 1964, hefur Jón Grímsson málflutningsmaður, Ísafirði, f. h. Marísar Haraldssonar smiðs, Bolungarvík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu — Hólshreppsþinghá — með stefnu, útgefinni 20. október 1964, gegn Guðmundi Rósmundssyni skipstjóra, Bolungarvík, til greiðslu skuldar vegna sameignar og rekstrar á m/b Jódísi, ÍS 73, en málið var flutt fyrir sjjóddómi Ísafjarðar með samkomulagi milli aðilja og samþykki formanns dómsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.894.98 með 9½% ársvöxtum frá 30. okt. 1964 til greiðsludags svo og greiði stefndi stefnanda 9½% ársvexti af útlögðum víxilkostnaði af kr. 760.00 frá 3. 4. 1962, af kr. 1.339.45 frá 5. 5. 1962, af kr. 763.50 frá 2. 7. 1962, af kr. 1.951.00 frá 1. 9. 1962, af kr. 3.690 frá 5. 11. 1962, af kr. 3.664.00 frá 17. 5. 1963, af kr. 3.664.00 frá 1. 11. 1963 og af kr. 3.653.00 frá 8. 5. 1964 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum reikningi.

Sáttaumleitun varð árangurslaus. Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í fyrsta þinghaldi gerði stefndi kröfu til þess, að stefnandi legði fram reikningsskil fyrir sameigninni, og lagði stefnandi fram ársreikning fyrir 1956.

Stefndi sótti eða lét sækja fjögur af sex þinghöldum í máli þessu, en tvö síðustu þinghöldin sótti hann ekki. Hann sendi dóminum greinargerð, sem lögð var fram sem dómsskj. nr. 25.

Málavextir eru þeir, að stefndi átti um skeið m/b Jódísi í félagi við stefnanda og son hans. Áttu þeir þriðjung skipsins hver og gerðu það út til þorskveiða um skeið samkvæmt þeim hlutföllum. Slitnaði síðan upp úr félagsútgerðinni, og var skipið selt á uppboði eftir kröfum stefnanda, og urðu víxilskuldir þær, sem hér er deilt um, afgangss, þegar uppboðið hafði verið gert upp. Stefndi fékkst ekki til þess að greiða ½ víxilskuldarinnar, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta, en stefndi var útgefandi víxilsins.

Stefndi hefur mótmælt kröfunni og byggt sýknukröfu sína á því, að ekki væri hægt að leggja víxilskuldir einar til grundvallar við skiptin milli þeirra. Hann hefur bent á, hvað honum finnst ábótavant við reikningsskilin milli þeirra. Telur hann, að hvergi komi fram veiðarfæri, sem keypt voru fyrir víxilupphæðina, og reknet, sem keypt voru á sínum tíma. Þá skýrir hann frá því, að ekki hafi verið gerð upp vinnulaun hans við bátinn, og áskildi hann sér rétt til að leggja fram reikninga yfir þau. Leigutekjur fyrir bátinn við eggjaflutninga komi hvergi fram. Kvaðst stefndi nefna þessi dæmi, sem honum séu minnisstæðust eftir þau átta ár, sem liðin séu, síðan þeir gerðu m/b Jódísi út í félagi. Þá gerði stefndi kröfu til, að stefnandi legði fram fylgiskjöl um greidd vinnulaun, meðan þeir gerðu út í félagi.

Stefnandi hefur mótmælt þessari greinargerð stefnda og kröfugerð. Hann vitnaði til dskj. nr. 20, 7. liðar, svohljóðandi:

„Með samningi þessum er öllum skiptum frá fyrri samningi

okkar lokið, og viðurkennum við, að við eigum engar kröfur á hendur hver öðrum eða bátnum“. Þetta dómsskjal er dags. 13. jan. 1957. Stefnandi hefur skýrt frá því, að upphæð sú, sem deilt sé um, sé  $\frac{1}{3}$  víxilskuldar og víxilkostnaðar, sem eftir stóð við sölu bátsins, sakir þess að uppboðsverðið hrökk ekki til.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu víxla þá, sem um er deilt.

Með því að telja verður, að stefnandi hafi fært fram fullnægjandi rök fyrir kröfum sínum, lítur dómurinn svo á, að dæma beri stefnda til að greiða stefnukröfurnar, nema vextir verði 9% og 7%. Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða kostnað málsins, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 5.944.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Rósmundsson, greiði stefnanda, Jóni Grímssyni f. h. Marísar Haraldssonar, kr. 30.894.98 ásamt 9% ársvöxtum frá 30. okt. 1964 til greiðsludags og 7% ársvöxtum af víxilkostnaði, þannig:

Af kr. 760.00 frá 3. 4. 1962 til greiðsludags.

Af kr. 1.339.45 frá 9. 5. 1962 til greiðsludags.

Af kr. 763.50 frá 2. 7. 1962 til greiðsludags.

Af kr. 1.951.00 frá 1. 9. 1962 til greiðsludags.

Af kr. 3.960.00 frá 5. 11. 1962 til greiðsludags.

Af kr. 3.664.00 frá 17. 5. 1963 til greiðsludags.

Af kr. 3.664.00 frá 1. 11 1963 til greiðsludags.

Af kr. 3.653.00 frá 8. 5. 1964 til greiðsludags.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 5.944.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.